

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Grundarfjarðarbæ.

Ölkeldudalur.

Auglýsing um óverulega deiliskipulagsbreytingu á þegar samþykktu deiliskipulagi í Ölkeldudal, breyting á deiliskipulagi fyrir Ölkelduveg 21-37.

Þann 12. apríl 2021 samþykkti skipulags- og umhverfisnefnd, sem síðar var staðfest 15. apríl á 248. fundi bæjarstjórnar, óverulega deiliskipulagsbreytingu í Ölkeldudal, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum.

Deiliskipulagsuppráttur dagsettur 21. júní 2002 var staðfestur af bæjarstjórn þann 13. mars 2003.

Deiliskipulagsbreytingin nær til lóða nr. 21, 23, 25, 27 og 29 við Ölkelduveg. Í breytingunni er lóðum við Ölkelduveg fjölgað og gerðar eru breytingar á göngustígum.

Gerð er breyting á uppdrætti, þar sem göngustígur milli Ölkelduvegar 21 og 23 er felldur út og lóðir stækkaðar. Lóðinni Ölkelduvegi 25 er skipt í tvær lóðir, nr. 25 og 27. Í stað tveggja lóða við Ölkelduveg 27 koma fimm lóðir, nr. 29, 31, 33, 35 og 37, fyrir raðhús á einni hæð. Einnig kemur inn nýr göngustígur milli Ölkelduvegar 27 og 29 til að bæta aðgengi að útivistarsvæði. Breyting öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 29. apríl 2021.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. maí 2021